



Fjölbrotaskóli Suðurlands
Vorönn 2016

SÁLF3PF05

Persónuleika- og félagssálfræði

Kennari: Árni Blandon	Sk.st.	ÁB
------------------------------	---------------	-----------

Titill	Persónuleika- og félagssálfræði
Námsgrein	Sálfræði
Viðfangsefni	Skoðað hvernig persónuleiki og félagslegt umhverfi spila saman
Skammstöfun	SÁLF3PF05
Þrep	3
Einingafjöldi	5
Lýsing	<p>Atferli, hugsanir og viðhorf skoðuð í félagslegu samhengi. Fjallað um helstu mótunaráhrif á persónuleika fólks út frá sálfræðilegu sjónarmiði. Ýmsir persónuleikættir eru skoðaðir sérstaklega og fjallað um félagslega hegðun og viðhorf fólks í tengslum við samskipti sem hafa mótandi áhrif á persónuleikann. Fjallað er um nán sambönd og samskipti og hugsanleg tengsl milli persónuleikabátta og veikinda eða hamingju í lífinu. Nemendur fá tækifæri til að skoða sín eigin persónuleikaeinkenni meðal annars með því að taka 16 þátta persónuleikapróf.</p> <p>Kennslubók: Fjölrítaðir kaflar úr Hilgard og Atkinson Viðtalstími kennara: Fimmtudagar kl. 09:15-09:45 Síma- og tölvunotkun einungis leyfð við verkefnavinnu</p>
Forkröfur	SÁLF2IN05 eða áfangi á öðru þrepi í félagsgreinum
Þekkingarviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none">• persónuleikahugtakinu og helstu mótunaráhrifum á persónuleika fólks• staðalmyndum, fordómum og breytingu á fordómum• aðlöðun og ást, samskiptum og tjáningu• persónuleikaprófum• mismunandi nálgun sálfræðinnar á persónuleika og hegðun fólks bæði í samskiptum við umhverfi sitt og annað fólk• völdum hugtökum og kenningum innan félags- og persónuleika-sálfræðinnar• framlagi félags- og persónuleikasálfræðinnar innan sálfræðinnar
Leikniviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none">• beita almennum aðferðum félagssálfræðinnar• taka sjálfstæða, vel rökstudda afstöðu til álitamála varðandi félagssálfræði, greind og persónuleika• afla upplýsinga, greina þær og setja í fræðilegt samhengi• nýta fræðilegan texta á íslensku• miðla fræðilegu efni skýrt og skilmerkilega í ræðu og riti
Hæfniviðmið	<p>Nemandi skal geta hagnýtt sér þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none">• vinna úr rannsóknargögnum og leggja á þau mat• sýna frumkvæði að raunhæfum lausnum• beita skapandi hugsun við lausnamiðað nám• meta eigin frammistöðu og annarra á gagnrýninn hátt

	<ul style="list-style-type: none">• geta tekið þátt í rökræðum um málefni sem tengjast félags- og persónuleikasálfræði.
Námsmat	Símat: Fjögur kaflapróf (20%); ástundun (10%); enskupróf (10%)
	Selfossi, 06.01.2016 Árni Blandon